



**Stjórnarskiptafundur umdæmisráðs Innerwheel á Íslandi,
haldinn í Kaffi krús á Selfossi, 14.júní 2023 kl.17:00**

Fundargerð:

Mættar voru:

Ágústa Kristín Grétarsdóttir umdæmisstjóri, Sólveig Einarsdóttir gjaldkeri og Aðalheiður Valgeirsdóttir ritari, allar úr IW Keflavík, Guðlaug Ásgeirsdóttir fráfarandi umdæmisstjóri úr IW Hafnarfjörður og viðtakandi umdæmisstjórn frá IW Selfossi, Sigríður Guðmundsdóttir verðandi umdæmisstjóri, Ragnhildur Jónsdóttir, verðandi gjaldkeri og Jóhanna Róbertsdóttir verðandi ritari, auk þeirra sat fundinn verðandi umdæmisstjóri fyrir árið 2024-2025 María V. Heiðdal frá IW Reykjavík.

- Allir nauðsynlegir pappírar, t.d. frá Skattinum og vegna bankaupplýsinga, prókúru og fleira voru undirritaðir, þannig að nú hefur fráfarandi stjórn yfirfært öll nauðsynleg gögn til nýrrar stjórnar.
- Rætt um að fundargerðir aðalfunda umdæmisins verði settar inn á heimasíðu IW
- Rætt um að nöfn félagskvenna verði á læstu svæði á heimasíðu IW
- Rætt um hvort ástæða væri til að hafa sérstaka gestabók til að skrá nöfn þátttakenda á fundum umdæmisins. Ákveðið var að óþarfi væri að geyma slíkar upplýsingar, og að nægilegt væri að tiltaka fjölda þátttakenda í fundargerðum fundanna.
- Rætt var um fána IW, en stand undir fánann vantar. Fáni, ásamt öðrum gögnum og pappírurum í eigu Innerwheel á Íslandi, var afhent viðtakandi umdæmisstjóra að fundi loknum.
- Ákveðið var að stefna að því að senda formönnum allra klúbbna bréf og óska eftir að stjórnir klúbbanna samþykki að gömul gögn IW umdæmisins fari í geymslu í Þjóðskjalasafni
- Óformlegar umræður fóru fram um 100 ára afmæli og 19. alþjóðþing IW, sem haldið verður í Manchester á Englandi 5-12 maí á næsta ári. Stefnt er að því að kynna það betur á fundum klúbbanna þegar umdæmisstjóri heimsækir þá í haust.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.18:00

Jóhanna Róbertsdóttir

ritari